**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 79/2013** **2013/EES/61/29**

**frá 3. maí 2013**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012 frá 25. júní 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun vatnsdælna ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 622/2012 frá 11. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án ásþéttis og hringrásardælum án ásþéttis sem eru felldar inn í vörur ([2]).

3) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012):

   „6f. **32012 R 0547**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012 frá 25. júní 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun vatnsdælna (Stjtíð. ESB L 165, 26.6.2012, bls. 28).“

2. Eftirfarandi bætist við í 14. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 641/2009):

   „eins og henni var breytt með:

   – **32012 R 0622**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 622/2012 frá 11. júlí 2012 (Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2012, bls. 4).“

*2. gr.*

Ákvæði IV. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012):

   „26g **32012 R 0547**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012 frá 25. júní 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun vatnsdælna (Stjtíð. ESB L 165, 26.6.2012, bls. 28).“

2. Eftirfarandi bætist við í 37. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 641/2009):

   „eins og henni var breytt með:

   – **32012 R 0622**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 622/2012 frá 11. júlí 2012 (Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2012, bls. 4).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 547/2012 og (ESB) nr. 622/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 26.6.2012, bls. 28.
([2]) Stjtíð. ESB L 180, 12.7.2012, bls. 4.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.